

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, mánudaginn 19. september, var haldinn 131. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness - Miðgarði og hófst fundurinn kl. 17.10. Viðstödd voru Guðbrandur Guðmundsson varaformaður hverfisráðsins og starfandi formaður, Elísabet Gísladóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir. Einnig sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa og Sigurður Hólm sem gestur. Auk þeirra sátu fundinn Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

- Kl: 17.19 tekur Gísli Rafn Guðmundsson sæti á fundinum.
- 1. Fram fer umræða um tillögur í verkefnið Betri hverfi.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs hefur farið í gegnum verkefni betri hverfi og komist að niðurstöðu. Hverfisráð tók þá afstöðu að mæla ekki með viðhaldsverkefnum heldur einbeita sér að nýframkvæmdum í hverfinu enda óeðlilegt að borgarþátttakendur kjósi um sjálfsagt viðhald og endurnýjun á eignum borgarinnar, eins og til dæmis skólalóðum, leiktækjum og göngustígum. Ábendingum um viðhald verður komið á framfæri af hverfisráði til viðeigandi sviða borgarinnar.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Í verkefni betra hverfi samþykkti hverfisráð Grafarvogs nýja bekkir á völdum svæðum í hverfinu. Hverfisráð fer eindregið fram á að allir samþykktir bekkir verði í Fjölnislitum sem ráðið vonast til að auki samkennd í hverfinu og félagslega vitund og dragi um leið úr skemmdum.

Eftirfarandi bókun var gerð af fulltrúa Framsóknar og flugvallavina:

Hverfisráð hefur nú samþykkt að tillagan úr Betri Hverfi 2016 „Bæta við opinni og breiðri vatnsrennibraut í Grafarvogslaug“ verði með í kosningu íbúa í ár. Hefur þessi tillaga fengið margar hindranir innan borgarkerfisins, bæði í fyrra og nú í ár. Á nú allt að vera leyst til þess að tillagan megi fara í kosningu íbúa. Ef frekari hindranir munu verða í vegi þessarar tillögu er nauðsynlegt að framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmdastjóri Íþróttar og tómstundaráðs og borgarstjóri mæti á fund með hverfisráði til að leysa og koma þessu máli í gegn

- Kl 18.40 vísar Þorvaldur Guðjónsson af fundi

Fundi slitið kl. 18.55

Guðbrandur Guðmundsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Gísli Rafn Guðmundsson

Elísabet Gísladóttir